

---

**1911 nr. 37 11. júlí**

**Lög um rétt kvenna til embættisnáms,  
námsstyrks og embætta**

Tóku gildi 9. október 1911. Breytt með l. 38/1954 (tóku gildi 1. júlí 1954).

■ **1. gr.**

Konur eiga sama rétt eins og karlar til að njóta kennslu og

ljúka fullnaðarprófi í öllum menntastofnunum landsins.

■ **2. gr.**

Konur eiga sama rétt eins og karlar til hlutdeildar í styrktarfé því, sem veitt er af opinberum sjóðum námsmönnum við æðri og óæðri menntastofnanir landsins. . . . <sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 38/1954, 37. gr.

ELDRRI ÚTGÁFA